

Nd.

257. Frumvarp til laga

[179. mál]

um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, er lýtur sérstakri stjórn, samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Markmið hennar er:

1. Að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu.
2. Að hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði, og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburði og áburðarefnum og frekast er vól á.

3. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarsölu ríkisins, gagnvart einstaklingum og hinu opinbera og kemur að öllu leyti í hennar stað.

Allar bækur og skjöl áburðarsölunnar falla til Áburðarverksmiðjunnar.

Skipulagsbreytingin fer fram 1. janúar 1971 og miðast reikningsskil við þann dag.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til, auk hlutafjár Áburðarverksmiðjunnar h.f., stofnfjárframlög, eins og ákveðin kunna að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðju-rekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra, og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði. Skal verðið miðað við sjónarmið þau, sem fram koma í 2. gr., og að eðlilegur afrakstur fáiast af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Eignir skulu þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum.

10. gr.

Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum, eða öðrum opinberum aðilum.

11. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjstofna sveitarfélaga.

12. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

13. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, lög nr. 69 28. maí 1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og lög nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1928 voru sett lög, nr. 52, 7. maí, um tilbúinn áburð. Með lögnum var ríkisstjórninni heimilað að taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði og leggja fram fé í því skyni. Lögnum var breytt með l. nr. 46 14. júní 1929 og aftur með lögum nr. 12 6. júlí 1931. Breytingarnar fjölluðu aðallega um greiðslu á flutningskostnaði á áburðinum. Árið 1935 28. janúar voru staðfest ný lög — nr. 51 — um verzlun með tilbúinn áburð. Þau voru svipuð og eldri lög, en því þó bætt við, sbr. 4. gr., að fela mætti: „Sambandi Ísl. samvinnufélaga eða öðrum aðila, er henta þætti, rekstur áburðarsölu ríkisins og leggja fram eða ábyrgjast fé, er til þess þarf.“

Samkv. lagaákvæðum þeim, sem hér hafa verið rakin, var Áburðarsala ríkisins sett á stofn og rekin á ábyrgð ríkissjóðs. Hinn 30. október 1961 var breytt til á þann veg, að notuð var heimild ofangreindrar 4. gr. l. nr. 51/1935 til þess að fela Áburðarverksmiðjunni h/f að annast reksturinn. Er Áburðarverksmiðjunni h/f var slitið, samkv. l. nr. 69/1969, tók Áburðarverksmiðja ríkisins við öllum réttindum og skyld-

um Áburðarverksmiðjunnar h/f, sbr. 3. gr. laganna og þá m. a. umboði til reksturs áburðarsölu ríkisins. Var það staðfest í bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 19. september 1969. Skipulagsbreyting var hins vegar ekki gerð að öðru leyti.

Hér er þá svo komið, að tvær stofnanir ríkisins, sem vinna að sama markmiði — öflun áburðar til hagsmuna fyrir íslenzkan landbúnað — eru að visu undir einni stjórn, en þó reknar sem sjálfstæðar stofnanir, hvor um sig. Veldur þetta að ýmsu leyti auknum kostnaði og fyrirhöfn. Þegar landbúnaðarráðuneytinu barst bréf frá ríkisendurskoðuninni, dags. 7. apríl þ. á., þótti því rétt að taka málið til athugunar. Árangurinn var frumvarp það, sem hér kemur fram. Það er samið í samráði við stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins. Bréf ríkisendurskoðunarinnar er á þessa leið:

„Undanfarin ár hefur ríkisstjórnin falið Áburðarverksmiðjunni h/f að hafa á hendi einkasölu á áburði.

Þar sem ríkissjóður er nú orðinn eigandi áburðarverksmiðjunnar, vill ríkisendurskoðunin vekja athygli landbúnaðarráðuneytisins á því, að hagkvæmt væri, ef Áburðarverksmiðja ríkisins og Áburðarsala ríkisins væru ein reikningsleg heild, en meðan lög nr. 51/1935 um áburðarsölu ríkisins eru í gildi óbreytt, verður að semja tvenn reikningsskil fyrir það, sem samkvæmt eðli sínu er ein og sama ríkisstofnunin. — Orsakar þetta, að álitni ríkisendurskoðunarinnar, óþarfa fyrirhöfn og kostnað.“

Frumvarp þetta fjallar einungis um það, sem breyta þarf, til þess að koma á ofangreindri skipulagsbreytingu. Í rauninni er ekki um annað að ræða en það, að lög nr. 51/1935 eru felld inn í l. nr. 69/1969, samræmd þeim og gefin út að nýju.

Þar sem gengið er að fullu frá slitum Áburðarverksmiðjunnar h/f, eru felldar niður 13. gr. til 19. gr. laga nr. 69/1969.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

2. töluliður greinarinnar er nýr og samsvarar að mestu 1. gr. 1. nr. 51/1935.

Um 2. gr.

Breytingin er nauðsynleg samræmis vegna.

Um 3. gr.

Breytinguna leiðir af skipulagsbreytingunni og samsvarar 3. gr. 1. nr. 69/1969, eins og hún er nú.

Um 4.—8. gr.

Óbreyttar 4.—8. gr. laga nr. 69/1969.

Um 9. gr.

Samsvarar 9. gr. 1. nr. 69/1969 að öðru leyti en því, að innfluttur áburður er felldur undir greinina, enda hlýtur skipulagsbreytingin að leiða til þess.

Um 10. gr.

Samsvarar 3. gr. 1. nr. 51/1935. Staðgreiðsluákvæðið er þó fellt niður, enda má það heita óframkvæmanlegt og hefur ekki verið fylgt um langan aldur. Það er og fullt ósamræmi í því, að mismunandi lögbundnar reglur gildi um greiðsluhætti á þeim áburði, er verksmiðjan selur.

Um 11.—13. gr.

Óbreyttar 10.—12. gr. 1. nr. 69/1969.

Um 14. gr.

Auk laga nr. 51/1935 og laga nr. 69/1969, eru felld úr gildi lög nr. 28/1921. Ákvæði síðastnefndra laga, er vörðuðu verzlun með kjarnfóður, voru úr gildi felld með lögum nr. 63/1947.

Síðan lög nr. 28 1921 voru sett, hafa margvislegar breytingar orðið á verzlunaráttum með tilbúinn áburð. Þannig er t. d. í stað þess að gefa út tryggingaskírteini til hvers áburðarkaupanda, sem kaupir meira en 200 kg áburðar, eins og löggin gera ráð fyrir, hver áburðarpoki merktur með áburðarheiti, er gefur til kynna þá áburðartegund, sem hann inniheldur, heildarþunga og hundraðshlutamagn hinna jurtanærandi efna. Þá er og nafn framleiðanda og/eða seljanda tilgreint á umbúðunum. Er þetta í samræmi við venjur annars staðar í áburðarviðskiptum, til þess að gera kaupendum ljóst, hvaða magn jurtanærandi efna hver áburðartegund hefur að geyma.